



Fréttabréf Naustaskóla

7. tölublað, 6. árgangur, 16. ágúst 2013

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Gangbrautavarsla

Eins og undanfarin ár óskum við eftir aðstoð foreldra við að manna gangbrautina við Kjarnagötu á morgnana kl. 7:45-8:10. Áhugasamir eru beðnir um að gefa kost á sér með því að senda tölvupóst á netfangið naustaskoli@akureyri.is...

Skólasetning

Skólasetning í Naustaskóla verður fimmtudaginn 22. ágúst. Nemendur mæti á eftirfarandi tímum:

kl. 10:00 2.-3. bekkur

kl. 10:30 4.-5. bekkur

kl. 11:00 6.-7. bekkur

kl. 11:30 8.-10. bekkur

Nemendur í 1. bekk og forráðamenn eru boðaðir í viðtöl á skólasetningardaginn eða daginn eftir, tölvupóstur með viðtalstímum hefur verið sendur út.

Á skólasetningunni hitta nemendur umsjónarkennara, fá stundaskrá og fræðast um starfið í vetur. Foreldrar eru velkomnir og **við mælumst sérstaklega til þess að foreldrar nýrra nemenda í skólanum fylgi sínum börnum.**

Foreldrar athugið - varðandi greiðsluseðla Akureyrarbær hefur hætt að senda út greiðsluseðla vegna leikskólalagjalda, skólafæðis og frístundar. Innheimtukröfur munu því eftirleiðis eingöngu birtast í heimabönkum.

Í þessu sambandi er minnt á íbúagáttina **eg.akureyri.is**, sem veitir bæjarbúum aðgang að ýmsum gagnlegum viðskiptaupplýsingum með einföldum og aðgengilegum hætti. Íbúar hafa þar raf-rænan aðgang að öllum sínum reikningum sem koma frá sveitarfélaginu.

Þessi breyting er liður í að auka hagkvæmni í rekstri og gera ferlið um leið umhverfisvænna m.a. með minni pappírnotkun.

Hægt er að óska sérstaklega eftir því að fá sendan greiðsluseðil og þarf þá að senda tölvupóst á netfangið fjarreidur@akureyri.is eða hafa samband við fjarreiðudeild í síma 460-1000.

Kæra skólasamfélag

Fimmta starfsár Naustaskóla hefst með skólasetningu fimmtudaginn 22. ágúst. Þá koma nemendur 1. bekkjar ásamt foreldrum til viðtals við umsjónarkennara en aðrir nemendur hitta kennara sína stutta stund og fá afhentar stundaskrár og aðrar upplýsingar sem varða skólastarfið. Kennsla hefst svo skv. stundaskrá föstudaginn 23. ágúst nema hjá 1. bekk þar sem kennsla hefst mánudaginn 26. ágúst. Það má segja að það sé rólegra yfir undirbúningi skólastarfsins hjá okkur núna en oft áður enda ekki um stórfelldar breytingar að ræða í húsnæðismálum og heldur er að byrja að hægja á fjölgun nemenda enda útskrifuðum við nemendur í fyrsta sinn sl. vor. Nemendum fjölgar þó um liðlega 30 milli ára og verða nú um 330 talsins. Nýir starfsmenn við skólann eru aðeins fimm í þetta skiptið, það eru þau Brynja Elín Birkisdóttir sem mun kenna tónmennt, Birgitta Rós Laxdal skólaliði, Þorsteinn Marinósson sem leysir af í íþróttakennslu fram á vorið, Kristín Sigurðardóttir sem leysir af í 2.-3. bekk og Herdís Margrét Ívarsdóttir sem leysir af í 6.-7. bekk. Auk þess fengum við svo nýjan skólahjúkrunarfræðing, hana Ingu Berglindi Birgisdóttur. Einu framkvæmdirnar sem snerta okkur þetta haustið eru við bílastæði vestan við skólann og við aðalinngang hússins og er stefnt að því að þeim verði lokið fyrir miðjan október. Stærsti munurinn við þessa framkvæmd er að bílastæðamálin hjá okkur ættu að horfa til betri vegar þegar liður á haustið og er það sannarlega kærkomin breyting.

Með von um farsæla skólabyrjun og að lífið verði sem endranær dásamlegt í Naustaskóla veturinn 2013-2014.

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Viðurkenningar skólanefndar

Þann 27. júní afhenti skólanefnd Akureyrarbæjar viðurkenningar þeim nemendum og starfsmönnum við skóla Akureyrarbæjar sem þótt hafa skarað fram úr á einhvern hátt á liðnu skólaári. Þetta er í fjórða sinn sem skólanefnd stendur fyrir samkomu sem þessari en hún er í samræmi við áherslur í skólastefnu Akureyrarbæjar. Veittar voru 9 viðurkenningar til nemenda og 7 til starfsmanna og getum við í Naustaskóla svo sannarlega verið stolt af okkar fólki því af þessum hópi voru þrír nemendur og einn starfsmaður úr okkar röðum. Það voru:

Ágúst Logi Valgeirsson nemandi, sem hlaut viðurkenningu fyrir hjálpssemi og stuðning við yngri nemendur.

Freyr Jónsson nemandi, sem hlaut viðurkenningu fyrir að stuðla að öryggi yngri barna við skólabyrjun.

Sædís Eiríksdóttir nemandi, sem hlaut viðurkenningu fyrir framfarir og þrautseigju í námi og framlag til að bæta skólaanda.

Magnús Jón Magnússon kennari sem hlaut viðurkenningu fyrir umsjón með „First lego“ tækni- og hönnunarkerppni grunnskólabarna.



Við óskum okkar fólki innilega til hamingju og erum afar stolt af þeim!



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Ágúst 2013

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
18	19 Undirbúningsdagur	20 Undirbúningsdagur	21 Undirbúningsdagur	22 Skólasetning (Frístund opin) (Súrsætur svínapottréttur, hrísgrjón og salat)	23 Kennsla hefst skv. stundaskrá Kjúklingapasta og salat	24
25	26 Snakkfiskur, kartöflur, salat og salsadressing	27 Soðið slátur, kartöflur, rófur og uppstúfur	28 Fiskibollur í karrysösu, hrísgrjón og salat	29 Grænmetisbuff, kartöflur, salat og kryddjurtasósa	30 Hrísgrjónagrautur og slátur Útivistardagur	31

Skólafærninámskeið

Skólafærninámskeið er sérstaklega ætlað fyrir foreldra þeirra barna sem eru að hefja sitt grunnskólanám. Námskeið af þessu tagi eru haldin árlega fyrir foreldra nýnema en markmiðið með þeim er að fræða foreldra um skólann okkar og grunnskólakerfið almennt, hvað það þýðir að eiga barn í grunnskóla, hvað þurfi helst að hafa í huga, hvaða þjónusta og aðstoð er í boði o.s.frv. Námskeiðið verður haldið

Þriðjudaginn 3. september kl. 17:30-20:00

Dagskrá þess verður sem hér segir:

- Að byrja í grunnskóla - hvað þýðir það fyrir börnin okkar?
- Grunnskólakerfið á Íslandi - yfirlit og upplýsingar
- Naustaskóli / starfshættir / agastefna / kennsluáferðir o.fl.
- Samskipti heimila og skóla / upplýsingamiðlun - mentorkerfið o.fl.
- Foreldrafélag / skólaráð / stoðþjónusta

Ætlast er til að fulltrúar allra nemenda í 1. bekk mæti á námskeiðið en aðrir eru að sjálfsögðu einnig velkomnir. **Boðið verður upp á barnagæslu meðan á námskeiði stendur og léttan málsverð fyrir þátttakendur og börn.**

Gledilegt nýtt skólaár!!

Næsta fréttabréf kemur út 1. september

Mötuneyti / ávextir / mjólk

Til að byrja með gerum við ráð fyrir að allir nemendur verði í fæði í mötuneyti skólans og að allir nemendur verði í ávaxtaáskrift. Hver hádegismáltíð í annaráskrift kostar 371 krónu og annaráskrift að ávöxtum kostar 6042 krónur. Þeir sem óska **EKKI** eftir að kaupa annaráskrift að hádegismat og ávöxtum þurfa að senda póst um það á netfangið naustaskoli@akureyri.is eða hringja í ritara skólans í síma 4604100. Þeir sem vilja frekar senda börn sín með nesti í skólann en að kaupa ávaxtaáskrift geta óskað eftir mjólkuráskrift (2650 kr. á önn) og skal það einnig gert með símtali eða tölvupósti til ritara. Nánari upplýsingar um mötuneyti, ávexti og mjólk má nálgast á heimasíðu skólans á slóðinni:

<http://www.naustaskoli.is/page/motuneyti>

Námsgagnagjaldið

Við minnum þá sem enn eiga eftir að greiða námsgagnagjaldið að gera það hið fyrsta eða í síðasta lagi á skóla-setningardaginn. Gjaldið er 4100 kr. fyrir alla nemendur og greiðist inn á reikning 565-26-460110, kt. 460110-1140.